



Seltjarnarnesi, 31. janúar 2021

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) tekur undir þær áherslur sem liggja til grundvallar í áformum um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Mikilvægt er að nálgast málefni þeirra sem eiga í vanda vegna notkunar eða misnotkunar vímuefna með skaðaminnkun og mannvirðingu að leiðarljósi. Líta ber á fíkla sem sjúklinga (heilbrigðisvandi) í stað brotamanna (lögreglu- eða refsivörslumál).

Um er að ræða umfangsmiklar breytingar sem mikilvægt er að fylgja eftir og meta áhrif. LFÍ lýsir yfir vilja til þess að koma að slíku mati sem og frekari vinnu vegna þessa mikla heilbrigðisvanda.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Lyfjafræðingafélags Íslands,

Virðingarfyllst,

Inga Lilý Gunnarsdóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands